

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Mánudaginn 30. janúar 2023 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Ingibjörg Þóranna Steinudóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan í dag

- Síbería – leigusamningur í vinnslu
- Kaup á Suðurbraut 3 á Reykhólum á lokametrum, lánloforð komið. Leigusamningur í vinnslu.
- Heimasíða – ennþá verið að kanna verð og að finna aðila til að taka þetta að sér

2. Skipta um prókúruhafa

Fyrirverandi sveitarstjóri Dalabyggðar, Kristján Sturluson, ennþá prókúruhafi. Lagt til á fundinum að fella niður prókúru Kristjáns og veita núverandi sveitarstjóra, Björn Bjarka Þorsteinssyni, prókúru á reikningum félagsins. Samþykkt samhljóða.

3. Fundartími

Festa fundartíma einu sinni í mánuði. Fyrsta þriðjudag í mánuði kl 15 frá og með byrjun mars.

4. Fjárfestingar

Einar sat fjárfestingarfund hjá Galdri Brugghús. Það virðist vera að fara vel af stað, afurðir komnar til sölu í vínbúðinni.

5. Önnur mál

Talað var um að skoða reglur varðandi styrkveitingar. Pétur tók að sér að nálgast upplýsingar hjá öðrum félögum sem hægt væri að styðjast við. Vinna farin af stað til að skoða hversu háa upphæð Bygðastofnun er reiðubúin að leggja til í aukið hlutfé í félaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson,

Pétur Friðjónsson,

Ingibjörg Þóranna Steinudóttir